



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

557. stjórnarfundur 21. janúar 2021 kl. 18:00

Mættir:

Einar Haraldsson, Kári Gunnlaugsson, Birgir Már Bragason, Garðar Már Newman, Eva Björk Sveinsdóttir, Jónína Steinunn Helgadóttir, Björg Hafsteinsdóttir og Sveinbjörg Sigurðardóttir.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

2. Innkomin bréf

Tölvupóstur frá Einari Hannessyni, í unglingaráði körfuknattleiksdeildar. Hugleiðingar um að breyta fyrirkomulagi aðalfundar körfuknattleiksdeildar. **Framkvæmdarstjóra falið að skoða málið.**

Tölvupóstur frá framkvæmdastjóra knattspyrnudeildar, Jónasi Guðna Sævarssyni, með ósk um að knattspyrnudeildin fái að halda áfram með íþrótt- og leikjaskólann eins og á síðasta ári.

Samþykkt.

Tölvupóstur frá Rúnari Arnarssyni með ósk um fjárstuðning vegna heiðrunar forystumanna knattspyrnunnar í Keflavík. **Jákvætt tekið í erindið, framkvæmdarstjóra falið að fá nánari upplýsingar.**

Tölvupóstur frá UMFÍ, fréttabréf.

Tölvupóstur frá ÍSÍ, Lífshlaupið.

Fundargerð unglingaráðs knattspyrnudeildar. Umræða um endurgreiðslur til iðkenda vegna fjáraflana. **Skipuð var þriggja manna nefnd sem fer yfir málin með deildinni ásamt því að skoða stöðu annarra deilda.**

Tölvupóstur frá Hafþóri B. Birgissyni með beiðni um nánari upplýsingar vegna neyðarstyrks frá Reykjanesbæ. **Framkvæmdarstjóri og gjaldkeri munu vinna upplýsingarnar og senda á Hafþór.**

3. Send bréf

Ýmsir tölvupóstar sendir á stjórnir og ráð.

Erindi sent á íþrótt- og tómstundaráð Reykjanesbæjar. Sótt um neyðarstyrk fyrir deildir Keflavíkur.

Erindi sent á íþrótt- og tómstundaráð Reykjanesbæjar. Sótt um niðurfellingu fasteignagjalda fyrir Hringbraut 108 árið 2021.

Bréf til knattspyrnudeildar Keflavíkur með staðfestingu á sjálfstæði deildarinnar.

4. Aðalfundir deilda og félagsins 2021

Aðalfundir deilda eru hafnir og hafa þrjár deildir haldið sinn aðalfund. Badmintondeild er búin og verður sama stjórn áfram. Taekwondo deild er búin. Sama stjórn áfram og Dagfríður Pétursdóttir kom inn sem varamaður. Eitt bronsmerki veitt Ragnari Sigurðssyni fyrir fimm ára stjórnarsetu. Skotdeild er búin, sama stjórn áfram en breyting á varamönnum. Valdimar Valdimarsson kom nýr inn. Eitt silfurmerki veitt Jónasi Andrésyni fyrir tíu ára stjórnarsetu.

Ákveðið var að aðalfundur aðalstjórnar yrði þriðjudaginn 23. febrúar. Framkvæmdarstjóri skoðar mögulegar lagabreytingar.

5. Neyðarstyrkur Covid 19

Aðalstjórn hefur sent upplýsingar um áætlað tekjutap deilda til bæjarráðs Reykjanesbæjar og óskað eftir neyðarstyrk. Bæjarráð óskaði eftir frekari upplýsingum um stöðu deilda sem gjaldkeri og framkvæmdarstjóri munu skila til þeirra.

6. Önnur mál

A. Bikarasafn Gísla Torfa er komið.

Næsti fundur verður fimmtudaginn 4. febrúar 2021

Fundi slitið kl. 19:40

Fundinn ritaði Eva Björk